

Sþ.

117. Fyrirspurn

[114. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu skatta árin 1985 og 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarálagningarástofn til útsvars, eignar- og tekjuskatts samtals hjá öllum tannlæknum á landinu við álagningu skatta árin 1985 og 1986?
2. Hverjar voru framtaldar heildareignir og tekjur allra tannlækna tekjuárin 1984 og 1985 skv. skattframtölum. Hvernig skiptust heildartekjur milli:
 - a. rekstrarkostnaðar tannlæknastofu,
 - b. framtalinn launa?
3. Hver var heildarálagning skatta hjá öllum tannlæknum á landinu álagningarárin 1985 og 1986, sundurliðað þannig:
 - a. útsvör,
 - b. tekjuskattar,
 - c. eignarskattur,
 - d. aðstöðugjöld,
 - e. önnur gjöld?
4. Hver er fjöldi tannlækna samkvæmt skattframtölum sömu ár?
5. Hver var hlutur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga álagningarárin 1985 og 1986 og hver er fjöldi þeirra samkvæmt skattframtölum?

Skriflegt svar óskast.